



Fréttabréf

Verkalýðsfélags Akraness

1. maí 2011

Netföng: skrifstofa@vifa.is og vifa@vifa.is • Heimasíða: www.vifa.is



Samið við Elkem Íslandi

Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga. Ljós. Friðhjófur Helgason.

Þann 19. apríl var undirritaður kjarasamningur Verkalýðsfélags Akraness við Elkem Ísland og gildir samningurinn til þriggja ára. Starfsmenn Elkem samþykktu samninginn í kosningu sem haldin var um nýliðna páskahelgi. Alls greiddu 125 starfsmenn atkvæði og sögðu 111, eða 88,8%, já en 14 sögðu nei, sem er 11,2%.

Auk VLFA standa fjögur önnur stéttarfélög að samningunum við Samtök atvinnulífsins fyrir hönd Elkem Ísland en hann nær til tæplega 200 manns.

Eingreiðsla og afturvirkni nema allt að 500 þúsund krónum

Starfsmenn munu hækka að meðaltali um tæp 10% á fyrsta ári samningsins. Mun byrjandi hjá Elkem hækka um tæpar 30 þúsund krónur á mánuði en starfsmaður sem hefur starfað í 10 ár hækkar um tæpar 35 þúsund krónur. Rétt er að geta þess að samningurinn er afturvirkur og munu starfsmenn fá greitt frá 1. janúar 2011. Þessu til viðbótar ákvað fyrirtækið vegna góðrar afkomu að greiða starfsmönnum ein föst mánaðarlaun aukalega. Að öllu samanlögðu er niðurstaðan sú að starfsmaður sem hefur starfað í 10 ár hjá Elkem mun fá tæpar 500 þúsund krónur í formi eingreiðslu við næstu útborgun.

Orlofs- og desemberuppbætur hækka

Orlofs- og desemberuppbætur munu einnig hækka töluvert. Í dag nema þær 260.542 kr. en munu hækka í 274.872 kr. samanlagt sem er 5,5% hækkun. Heildarhækkun launakjara á samningstímanum að teknu tilliti til eingreiðslu vegna góðrar afkomu fyrirtækisins er um 26%.

Auk taxtahækkunar eru gerðar breytingar á bónuskerfinu í nýja samningnum. Hámarksbónus getur nú gefið 13,5% en var 10%. Einnig var bónuskerfið endurskoðað svo það er ábatasamara en gamla kerfið.

Að skila ávinningi til starfsmanna

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir þennan samning vera mjög ásættanlegan fyrir starfsmenn Elkem. „Hann er í samræmi við það sem ég hef verið að berjast fyrir, að útflutningsfyrirtæki skili ávinningi sínum til starfsmanna. Samningurinn var samþykktur með miklum meirihluta sem sýnir þá ánægju sem ríkti með hann. Nú er verk að vinna því félagið á fleiri ógerða samninga á Grundartangasvæðinu. Það er morgunljóst að krafa félagsins verður í samræmi við það sem um samdist fyrir starfsmenn Elkem,“ segir Vilhjálmur Birgisson formaður VLFA.

Verkalýðsfélag Akraness

sendir öllum félagsmönnum árnaðaróskir á baráttudegi verkafólks.

Stöndum vörð um réttindi okkar!

www.vlfa.is



Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er að Sunnubraut 13. Hún er opin alla virka daga frá kl. 8:00-16:00. Utan afgreiðslutíma er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálm Birgisson, í síma 865 1294.

Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmur Birgisson, formaður
vilhjalmur@vlfa.is

Björg Bjarnadóttir
skrifstofufulltrúi
bjorg@vlfa.is

Auður Finnbogadóttir
skrifstofufulltrúi
auður@vlfa.is

Dagbjört Guðmundsdóttir
skrifstofufulltrúi
dagbjort@vlfa.is



Nr. 12 | 7. árgangur | 1. maí 2011

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness
Sími: 430 9900 Fax: 430 9901
Netf.: skrifstofa@vlfa.is og vlfa@vlfa.is
Heimasíða: www.vlfa.is
Ábm.: Vilhjálmur Birgisson
Hönnun: Aðalsteinn S. Sigfússon
Umsjón texta: Kristján Kristjánsson
Umbrot: Þorleifur Örnólfsson
Prentun: Prentmet Vesturlands

www.vlfa.is



Þeir hafa kallað eftir stríði og þeir fá stríð

Nú er orðið morgunljóst að ekki muni nást kjarasamningar við Samtök atvinnulífsins á hinum almenna vinnumarkaði með góðu. Á þeirri forsendu mun formaður félagsins boða samninganefnd Verkalýðsfélags Akraness til fundar um eða eftir helgi þar sem verkfallsaðgerðir verða ákveðnar. Formaður mun leggja til við samninganefnd félagsins að hafin verði undirbúningur að verkfalli í öllum fiskvinnslufyrirtækjum á félagssvæði félagsins en þau eru þónokkur. Formaður hefur haft samband við forsvarsmenn nokkurra fiskvinnslufyrirtækja til að greina þeim frá þeirri grafalvarlegu stöðu sem upp er komin á íslenskum vinnumarkaði og fann formaður fyrir miklum vilja frá fulltrúum þeirra fyrirtækja sem hann ræddi við um að leysa þessa kjaradeilu án þess að til átaka kæmi.

Nú eru liðnir 6 mánuðir frá því að kjarasamningar á hinum almenna vinnumarkaði runnu út en íslenskir launþegar hafa orðið fyrir gríðarlegri kaupmáttarskerðingu frá janúar 2008. Á þeirri forsendu verða kjarabætur til handa íslensku verkafólki sóttar af fullum þunga á næstu vikum. Félagið hefur sagt að fyrirtækjum

sem starfandi eru í útflutningi og hafa hagnast umtalsvert vegna gengisfalls íslensku krónunnar verði ekki hlíft við að bæta þá kaupmáttarskerðingu sem starfsmenn þeirra hafa orðið fyrir.

Það er nóturlegt og í raun og veru sorglegt að verða vitni að því að stórt og öflugt sjávarútvegsfyrirtæki eins og til dæmis HB Grandi sjái sér fært að greiða út tæplega 400 milljóna króna arð til hluthafa á sama tíma og fiskvinnslufólk hefur verið án launahækkana í 6 mánuði og um leið orðið fyrir skefja- og miskunnarlausum hækkunum á öllum sviðum. En eins og VLFA hefur margoft bent á allir varpað sínum vanda viðstöðulaust yfir á íslenska launþega eins og til að mynda ríki, sveitarfélög, verslunareigendur og ýmsir þjónustuaðilar.

Að sjálfsögðu mun Verkalýðsfélag Akraness leita leiða með þeim fyrirtækjum sem eru á félagssvæði þess til að leysa þessa kjaradeilu án átaka en eins og staðan er í dag er ofbeldi Samtaka atvinnulífsins því líkt að ekki verður lengur við unað. Þeir hafa kallað eftir stríði og þeir fá stríð.

Með baráttukveðju,
Vilhjálmur Birgisson

Vann mál fyrir félagsmann

Lögmaður Verkalýðsfélags Akraness, Jón Haukur Hauksson, vann mál fyrir félagsmann gegn Vinnuálastofnun. Úrskurðarnefnd atvinnuleysisstrygginga og vinnumarkaðsaðgerða kvað upp úrskurð þess efnis að Vinnuálastofnun er gert að leiðrétta greiðslur til félagsmanns á atvinnuleysisbótum um 18% af heildarbotum frá tímabilinu júlí til nóvember 2009 annars vegar og hins vegar fyrir tímabilið janúar til maí 2010.

Málsatvik voru þau að vinnuveitandi

skilaði inn röngu vinnuveitendavottorði til Vinnuálastofnunar sem gerði það að verkum að viðkomandi félagsmáður fékk ekki 100% atvinnuleysisbætur heldur einungis 82%. Vinnuálastofnun neitaði að leiðrétta þessa villu en með aðstoð lögmanns félagsins tókst að hnekkja úrskurði Vinnuálastofnunar. Það er einstaklega mikilvægt fyrir félagsmenn að kynna sér réttarstöðu sína og leita til félagsins ef grunur leikur á að verið sé að brjóta á þeim.



1. maí á Akranesi!

Verkalýðsfélag Akraness, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, VR, FIT, Félag iðn- og tæknigreina, Kennarasamband Íslands og Sjúkraliðafélag Íslands standa fyrir dagskrá á hátíðar- og baráttudegi verkafólks 1. maí

Safnast verður saman við Kirkjubraut 40 kl. 14:00 og genginn hringur á Neðri-Skaga. Að göngu lokinni verður hátíðardagskrá í sal Verkalýðsfélags Akraness á 3. hæð að Kirkjubraut 40.

- » Ræðumaður dagsins: Stefán Skafti Steinólfsson verkamaður
- » Fundarstjóri: Vilhjálmur Birgisson
- » Grundartangakórinn syngur nokkur lög
- » Kaffiveitingar
- » Frítt í bíó fyrir börnin í Bíóhöllinni kl. 15:00

Félagsmenn fjölmennið!

1. maí nefndin

Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Akraness

sendir félagsmönnum
baráttukveðju
í tilefni dagsins.

Stöndum vörð
um réttindi verkafólks!

Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Blönduós | Sauðárkrúkur
Akureyri | Egilsstaðir | Reyðarfjörður | Vestmannaeyjar

PACTA

L Ö G M E N N

Markmið Pacta er að veita viðskiptavinum um land allt gæða lögmennsþjónustu og ráðgjöf, byggða á þekkingu, trausti og áreiðanleika sem skili sér í faglegum og heiðarlegum vinnubrögðum.



Jón Haukur Hauksson hdl.
jonhaukur@pacta.is

Kirkjubraut 12 | 300 Akranes | sími 440 7900 | www.pacta.is

Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness

Árlegur aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness var haldinn í Gamla Kaupfélaginu í síðustu viku. Á fundinum fór formaður yfir starfsemi og verkefni félagsins frá síðasta aðalfundi og

endurskoðendur kynntu afkomu þess. Í yfirferð þeirra kom m.a. fram að allir sjóðir félagsins eru reknir með rekstrarafgangi. Engum dylst mikilvægi þess að rekstur félagsins skuli vera með þessum

hætti því fjárhagslega sterkt félag er engum háð og betur í stakk búið til að styðja við félagsmenn og berjast fyrir réttindum þeirra.



Að loknum aðalfundi Verkalýðsfélags Akraness var boðið upp á veitingar að hætti hússins.

Í skýrslu stjórnar fór Vilhjálmur Birgisson formaður yfir þær gríðarlegu breytingar sem Verkalýðsfélag Akraness hefur tekið á undanförunum árum en þær breytingar snúa ekki aðeins að stórbættum fjárhag heldur einnig að auknum félagslegum styrk. Félagsmönnum hefur fjölgað mjög ört undanfarin ár og mikill metnaður hefur verið lagður í þjónustu við félagsmenn.

„Það var afar ánægjulegt að heyra í þeim fundarmönnum sem tóku til máls og lýstu yfir ánægju með starfsemi félagsins. Það er okkur sem störfum fyrir félagið mikil hvatning,“ sagði Vilhjálmur formaður.

Samstaða á fjölmönnum fundi

Gríðarleg samstaða og einhugur ríkti á opnum fundi um stöðu kjaramála sem Verkalýðsfélag Akraness hélt í febrúar í Bíóhöllinni. Vilhjálmur Birgisson formaður félagsins rakti stöðu allra kjarasamninga sem félagið er aðili að og gerði grein fyrir þeirri grafalvarlegu stöðu sem þá var komin upp í kjaradeilu félagsins við Samtök atvinnulífsins. Nú þegar fyrsti samningurinn er í höfn er ástæða til að rifja upp hverjar áherslurnar voru í samningaviðræðunum.

Skýlaus krafa

Í máli formanns kom fram að VLFA vildi sýna fyrirtækjum, sem eiga í erfiðleikum um þessar mundir sökum efnahagshrunsins, skilning í komandi kjarasamningum. Nefndi formaðurinn sérstaklega byggingariðnaðinn og Sementsverksmiðjuna í því samhengi. En það kom hins vegar skýrt fram hjá formanni að auðvitað þurfi kjör starfsmanna einnig að batna á meðan þessar greinar vinni sig úr þeim vanda sem þær eiga við að etja.

„Kjör starfsmanna í þessum atvinnugreinum verður svo að bæta til muna síðar þegar betur árar í viðkomandi greinum en það er skýlaus krafa að atvinnugreinar tengdar útflutningi skili þeim ávinningi sem þær hafa fengið, meðal annars vegna gengisfalls íslensku krónunnar og

stórhækkaðs afurðaverðs, með afgerandi hætti í komandi samningnum. Það verður lágmarkskrafa að brugðist verði við þeirri kaupmáttarrýmum sem starfsmenn í útflutningsfyrirtækjum hafa orðið fyrir,“ sagði Vilhjálmur á fundinum.

Vinnubrögð SA fordæmd

Formaður VLFA fordæmdi vinnubrögð Samtaka atvinnulífsins og forystu ASÍ fyrir þá áherslu sem lýtur að samræmdri launastefnu. Stefnu sem byggist á því að lítið sem ekkert tillit á að taka til sterkrar stöðu útflutningsgreina. Nefndi formaður sem dæmi að þau fyrirtæki sem eiga þær síldarbræðslur sem starfa í landinu skilðu flest milljörðum í hagnað á starfs-

árinu 2009. Afurðaverð á mjöli og lýsi hefur stórhækkað og einnig á kísiljámi og áli. Í máli formanns kom fram að upp undir 70% félagsmanna VLFA starfa hjá útflutningsfyrirtækjum.

„Því er nóturlegt og dapurlegt að verða vitni að því að Alþýðusamband Íslands skuli taka höndum saman með Samtökum atvinnulífsins til að koma í veg fyrir að þessar útflutningsgreinar þurfi að hækka laun umfram það sem gerist hjá atvinnugreinum sem eiga í gríðarlegum erfiðleikum,“ sagði Vilhjálmur.

Á fundinum var lögð fram tillaga frá fundarmanni þar sem lýst var yfir fullum stuðningi við forystu Verkalýðsfélags Akraness. Var tillagan samþykkt með dynjandi lófataki fundarmanna.



Starfsmenn ELKEM og Klafa á samstöðufundi í febrúar 2011.

Vilhjálmur Birgisson formaður VLFA spyr:

Af hverju styrkist krónan ekki?

Hvernig í ósköpunum stendur á því að íslenska krónan styrkist ekki í ljósi þeirrar bláköldu staðreyndar að vöruskiptajöfnuður hefur verið gríðarlega jákvæður á síðustu tveimur árum? Árið 2009 var vöruskiptajöfnuður 87 milljarðar og bráðabirgðatölur fyrir árið 2010 sýna að vöruskiptajöfnuður hafi verið allt að 119 milljörðum. Einnig hafa borist af því fréttir að vöruskiptajöfnuður fyrstu mánuði þessa árs sé umtalsverður.

Samt sem áður hefur íslenska krónan veikst um tæp 5% frá því hún var hvað sterkust í nóvember síðast liðnum. Hver skyldi vera ástæðan fyrir þessu? Það hlýtur að vera krafa íslenskra launþega og neytenda að fá skýringar á því hvers vegna krónan styrkist ekki í ljósi áður nefndra staðreynda.

Halda gjaldeyrishöftin?

Nú liggur fyrir að það eru gjaldeyrishöft hér á landi og því er skilaskylda útflutningsfyrirtækja á gjaldeyri. Getur verið að ástæðan fyrir því að íslenska krónan styrkist ekki sé að útflutningsfyrirtæki, til dæmis sjávarútvegsfyrirtæki, skipti ekki þeim erlenda gjaldeyri sem þau fá fyrir sínar afurðir í íslenskar krónur heldur liggi með hann inni á IG reikningum í Seðlabankanum, sem verður þess svo valdandi að íslenska krónan heldur áfram að falla? Getur einnig verið að eigendur útflutningsfyrirtækja sjái sér leik á borði með því að skipta ekki erlendum gjaldeyri í íslenskar krónur og halda þar með genginu veiku, í því skyni að fá meira fyrir afurðir sínar, og biði eftir afnámi gjaldeyrishafta til að hagnast enn meira því íslenska krónan mun væntanlega falla í kjölfar afnáms gjaldeyrishafta?

Almenningur vill svör

Formaður Verkalýðsfélags Akraness krefst þess að Seðlabankinn, fjármálaráðuneytið og Samtök atvinnulífsins skýri fyrir almenningi á mannamáli hvers vegna íslenska krónan styrkist ekki í ljósi þess mikla vöruskiptajafnaðar sem hér hefur verið á undanförmum tveimur árum. Formaður VLFA kaupir það ekki að Már Guðmundsson Seðlabankastjóri

viti ekki ástæðuna fyrir því að íslenska krónan hefur fallið um 5% á síðast liðnum fimm mánuðum þrátt fyrir einstaklega hagstæðan vöruskiptajöfnuð eins og fram hefur komið í fréttum.

Það er hins vegar morgunljóst að það hjálpar ekki íslensku krónunni þegar ráðamenn þjóðarinnar, svo sem efnahagsmálaráðherra, Seðlabankastjóri, forseti ASÍ og Samtök atvinnulífsins, segja jafnt

á innlendum sem erlendum vettvangi að íslenska krónan sé nánast ónýtur gjaldmiðill. Hvers vegna tala ráðamenn með þeim hætti þegar liggur fyrir að slíkur málflutningur getur haft skaðleg áhrif á gjaldmiðil okkar Íslendinga?

Almenningur á rétt á að fá skýr svör við þessum spurningum enda gríðarlegir hagsmunir fylgnir í því fyrir íslenska neytendur að krónan styrkist.



Sendum félagsmönnum VLFA kveðju í tilefni af 1. maí

BIFREIÐASTÖÐ ÞÞÞ | Dalbraut 6 | Sími 431 1500

BRAUÐVAL | Vallholti 5 | Sími 434 1413

SMURSTÖÐ AKRANESS | Smiðjuvöllum 2 | Sími 431 2445

SKAGAVERK | Smiðjuvöllum 22 | Sími 431 2345

RAMMAR OG MYNDIR | Skólabraut 27 | Sími 431 1313

SJÓNGLERIÐ | Skólabraut 25 | Sími 431 1619

VERSL. EINAR ÓLAFSSON | Skagabraut 9-11 | Sími 431 2015

SEMENTSVERKSMÍÐJAN | Mánabraut 20 | Sími 430 5000


VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA AKRANESS | Stillholti 23 | Sími 431 3099



Úthlutun orlofshúsa lokið

Úthlutun vegna leigu á orlofshúsum félagsins sumarið 2011 er lokið. Tæplega 260 umsóknir bárust og hafa þær aldrei verið fleiri. Umsækjendum hefur verið sent bréf þar sem niðurstaðan kemur fram. Einnig er hægt að fá upplýsingar um úthlutunina á félagsvefnum.

Þeir sem fengu úthlutað höfðu frest til þriðjudagsins 26. apríl til að greiða leiguna en í framhaldinu verður þeim vikum sem eftir standa endurúthlutað. Eins og sést á þeim fjölda umsókna sem bárust þá er mikil eftirspurn eftir orlofshúsum. Þann 3. maí verður svo hægt að bóka þær vikur sem eftir standa þegar endurúthlutun er lokið og þá gildir sú regla að fyrstur kemur, fyrstur fær.



www.vlfa.is

Þolinmæðin á þrotum

Verkalýðsfélag Akraness, Framsýn og Verkalýðsfélag Þórshafnar óskuðu í byrjun apríl eftir fundi með fulltrúum Samtaka atvinnulífsins um sérmál og launalið kjarasamningsaðila. Þessi þrjú félög ákváðu á sínum tíma að segja skilið við önnur stéttarfélög innan Starfsgreinasambands Íslands vegna mismunandi áherslna í kröfugerð sambandsins en þessi þrjú félög hafa krafist þess að 200.000 króna tekjutrygging komi til framkvæmda strax.

Haft hefur verið eftir forseta ASÍ að 200.000 króna lágmarkslaunum verði ekki náð fyrr en 1. janúar 2013. Það er mat Verkalýðsfélag Akraness að slíkt sé með öllu óásættanlegt, enda hefur nýtt neysluviðmið sem ráðherra velferðarmála lét gera sýnt fram á að lágmarksframfærsla einstaklings þurfi að vera um 280.000 kr. á mánuði. Félögin þrjú hafa átt fundi með fulltrúum SA en þeir hafa ekki viljað ljúka neinum samningum meðan á viðræðum við landssambönd ASÍ og stjórnvöld hefur staðið. Vilhjálmur Birgisson segir það óþolandi hvernig forseta ASÍ hafi tekist að hrifsa til sín samningsumboð nánast allra stéttarféлага í

þessum kjaraviðræðum og stjórnariðræðum við SA með afar döprum hætti.

Deilt á ASÍ

„Nú er ekki margt sem bendir til þess að SA sé yfir höfuð að fara að semja um kjarabætur við verkalýðshreyfinguna ef marka má þær hótanir sem dunið hafa á launþegum síðustu vikur,” segir Vilhjálmur formaður VLFA. „Starfsmenn Norðurláms, sem eru búnir að vera með sinn launalið lausan frá áramótum, fá ekki kjarabætur vegna þess að forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins neita alfarið að ganga frá samningum fyrr en þeir eru búnir að semja við Gylfa Arnbjörnsson og kó hjá ASÍ í anda láglaunastefnunnar sem byggist á samræmdri launastefnu sem Gylfi og Vilhjálmur hjá SA hafa mótað.“

Vilhjálmur ítrekar að hann lýsi yfir vantrausti á forseta ASÍ til að leiða þessar kjaraviðræður enda er það mat hans að forseti ASÍ sé algjörlega vanhæfur til þess. Segir Vilhjálmur að það nægi að nefna að komið er á fimmta mánuð frá því kjarasamningar á hinum almenna vinnumarkaði runnu út.

Tæpar 7 milljónir greiddar í starfsmenntastyrki

Það er óhætt að segja að félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness nýti sér þjónustu félagsins mjög vel. Á árinu 2010 voru greiddar úr sjúkrasjóði 37 milljónir króna til 611 félagsmanna, en þá er um að ræða styrki á borð við heilsuefingarstyrk, glæraugstyrk, styrki til sjúkrahjálfunar, göngugreiningar, hjartaverndar, krabbameinsskoðunar og svo að sjálfsögðu sjúkradagpeningar. Tæplega 200 manns nýttu sér afslátt á Veði- og Útilegukortum á árinu 2010 en félagið veitir 50% afslátt af útsöluverði. 174 félagsmenn fengu greiðslu úr starfsmenntasjóðum sem Verkalýðsfélag Akraness er aðili að og nam heildarupphæðin tæpum 7 milljónum króna.

Alls nýttu 270 félagsmenn sér orlofshús félagsins og er óhætt að segja að nýtingin á þeim sé einstaklega góð, jafnt að sumri sem vetri.

Hámark hækkað

Vegna góðrar afkomu félagsins hefur stjórn sjúkrasjóðs ákveðið að hækka hámark heilsuefingarstyrks úr 15.000 kr. í 20.000 kr. sem gerir 33% hækkun. Einnig hefur verið tekinn upp nýr styrkur vegna heilsufarsskoðunar og er hann að hámarki kr. 15.000. Þennan styrk er hægt að nýta t.d. í krabbameinsskoðun, sneiðmyndatöku, maga- og ristilskoðun, skoðun hjá Hjartavernd og Karlaskoðun.



Reglubundinn sparnaður

Ein besta leiðin til að spara er með reglubundnum sparnaði.

Þú setur þér skýr markmið og ákveður hve háa upphæð

þú vilt spara mánaðarlega. **Byrjaðu að spara strax í dag.**



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Sendum félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness baráttukveðjur 1. maí



GT Tækni - Grundartanga
www.gtt.is

